

Undirritaðir, annars vegna Húsfélagið Strikið 2-12 kt 680308-0120, 210 Garðabæ., hér eftir nefndur verkkaupi og hins vegar **Sólar ehf.**, kt. 710102 - 2360, Kleppsmýrarvegi 8, 104 Reykjavík, hér eftir nefndur verktaki gera með sér eftirfarandi

VERKSAMNING

1. Almenn

Verktaki tekur að sér framkvæmd á reglulegum ræstingum og fleira í húsnæði verkkaupa Strikið 2-12, 210 Garðabæ.skv. meðfylgjandi fylgigögnum enda eru þau hluti samningsins:

- 1.1. Tilboð verktaka dagsett þann 24 ágúst 2015.
- 1.2. Aðgerðarrammi tímamælds ákvæðis
- 1.3. ÍST 30:2003, almennir samningsskilmálar um verkframkv.

2. Samningsfjárhæðir

Samningsfjárhæð fyrir reglulega ræstingu fyrir þjónustu verktaka er sem hér segir á mánuði:

2.1.	Regluleg ræsting	Kr.	120.630,-
2.2.	Ræstingarefni, -áhöld, moppuþvottur og akstur.	Kr.	6.542,-
2.3.	Virðisaukaskattur 24 %	Kr.	30.521,-
2.4.	Samtals mánaðargjald m. vsk.	Kr.	157.693,-

Aðrar greiðslur eru í samræmi við verkframlag verktaka og byggjast á beiðni verkkaupa. Taxti verktaka fyrir vinnu en án efnis og áhalda/ véla vegna tilfallandi viðbótar hreingerninga, ræstinga o.þ.h. er eftirfarandi án vsk :

2.5.	Taxti við hreingerningu ofl.	Kr.	<u>5.990,-</u>
------	------------------------------	-----	----------------

3. Greiðslur og verðbreytingar

Verkkaupi greiðir verktaka einu sinni í mánuði mánaðargjald skv. grein 2.

Ofangreindar upphæðir í grein 2 hækka eða lækka hlutfallslega með launataxta Eflingar stéttarfélags, Reykjavík og vísitölu neysluverðs. Breytingar miðast við þann dag sem launataxta er breytt en vísitalan gildismánuð þess mánaðar sem innheimt er fyrir:

3.1. Breytingar á upphæðum í grein 2.1

Breytist í samræmi við breytingar á launataxtanum tímamæld ákvæðisvinna við reglulegar ræstingar hjá Eflingu, stéttarfélagi, skv. samningum ASÍ og SA.

3.2. Breytingar á upphæðum í grein 2.2

Breytist í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs sem reiknuð er mánaðarlega af Hagstofu Íslands.

Reikning vegna mánaðargjalda í grein 2.5 skal leggja fram fyrir 10. þess mánaðar sem innheimt er fyrir og eindagi þeirra 25. mánaðardag sama mánaðar. Verktaka er heimilt að innheimta hæstu leyfilegu dráttarvexti á greiðslu sem eru komnar fram yfir eindaga. Ef greiðslur dragast meira en 30 dögum fram yfir eindaga áskilur verktaki sér rétt til að hætta veita þjónustu þangað til greiðsla hefur borist.

Aðrir reikningar verktaka hafa eindaga 20 dögum eftir útgáfu.

4. Gildistími og reynslutími

Samningurinn tekur gildi 1 nóv, 2015. og eru fyrstu 3 mánuðirnir gagnkvæmur reynslutími aðila.

5. Uppsagnarákvæði

Samningi þessum verður eigi sagt upp öðruvísi en skriflega og skal slíkt miðað við mánaðarmót. Uppsagnarfrestur er 1 mánuður á reynslutímanum, en 6 mánuðir eftir það. Uppsagnarskilmálar eru gagnkvæmir.

6. Breytingar á verki

Verkkaupa er skylt að láta verktaka vita um verulegar breytingar á húsnæði, umfangi eða tímasetningu ræstinga, sumarlokanir, eða þess háttar með sem mestum fyrirvara, að minnsta kosti heill mánuður og miðast það við mánaðarmót. Verktaki verðleggur slíkar breytingar í samráði við verkkaupa á grundvelli þessa samnings og tilkynnir þær bréflega.

7. Umsjón verksins, trúnaður og starfsfólk verktaka

Verktaki skal tilnefna umsjónamann (-menn) fyrir verkinu af sinni hálfu sem skal bera ábyrgð á framkvæmd verksins og samskiptum því tengdu. Verkkaupi gerir slíkt hið sama.

Starfsfólk verktaka skal gæta fyllsta trúnaðar varðandi öll þau málefni verkkaupa er það kemst í kynni við á vinnustað. Með þetta að markmiði mun verktaki einungis ráða sér starfsfólk er getur m.a. framvísað hreinu sakavottorði og hafa undirritað sérstakan trúnaðareið við vinnuveitanda sinn.

Verkkaupi má ekki ráða til sín starfsfólk verktaka til sömu starfa og það hefur unnið hjá verktaka. Brot gegn þessu geta kostað verkkaupa greiðslu allt að þriggja mánaðargjalda eða að lágmarki kr. 100.000,-

Starfsfólk verktaka skal einnig aðlaga sig þeim umgengnisreglum er verkkaupi kys að nota.

Skv. skilgreiningu Eflingar í kjarasamningi er ekki ræst á Nýársdag, Föstudaginn langa, Páskadag, Hvítasunnudag, 17. Júní, Jóladað. Aðfangadag og Gamlársdag er ekki ræst eftir kl.12:00. Einnig er ekki ræst aðra almenna frídaga. *Óska þarf sér eftir vinnuframlagi þessa daga.*

8. Lyklar og aðgangskort

Verkkaupi afhendir verktaka nauðsynlegan fjölda lykla og/ eða aðgangskorta til að komast um húsnæðið til ræstinga. Þessir hlutir verða merktir sérstökum merkispjöldum svo ekki megi greina að hvaða húsnæði lyklarnir ganga.

9. Samstarf aðila

Reglulega munu báðir aðilar leita eftir álitum um árangur af samstarfinu. Þegar verkkaupi gerir athugasemdir við þjónustuna ber verktaka að gera allt sem í hans valdi stendur til að bæta árangurinn sem fyrst. Allar athugasemdir skráir verktaki í sérstaka bók eða á sambærilegan hátt í tölvu.

Sama gildir um ánægju með samstarfið. Slíku skal komið á framfæri við starfsfólkið eins hratt og hægt er.

Til að tryggja greitt upplýsingarstreymi, góð samskipti milli samningsaðila og sem besta þjónustu skulu aðilar funda reglulega til að fara formlega yfir stöðu þjónustunnar. Skal þetta gert a.m.k. tvisvar á ári og er æskilegt að rita um fundinn fundargerð.

10. Ágreiningur

Rísi ósætti út af samningi þessum eða framkvæmd hans, má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjaness og er sáttaumleitan dómara nægjanleg.

11. Eintök af samningnum

Af verksamningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök á þremur blaðsíðum og heldur hvor aðili samningsins um sig einu eintaki.

Reykjavík, _____

Verkkaupi:

Húsfélagið Strikið 2-12

kt. 680308-0120

Verktaki:

Sólar ehf,

kt. 710102 - 2360

f.h. verkkaupa

f.h. verktaka